

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
13	ahj	27. FEB. 2017
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
VJ	VJ	1702203

Akranesi 14.02 .2017

B.t Sviðstjóra skóla og frístundasviðs

Valgerður Janusdóttir

Efni: Forvarnarsjóður

Brúin er formlegur samráðs- og og samstarfsvettvangur starfsmanna og stofnana sem koma að ýmsum málum sem tengjast börnum og unglingum í sveitarfélaginu.

Á fundi hópsins þann 14.02.2017 kom fram tillaga að óska eftir því að að stofnaður verði annað hvort a) forvarnarsjóður sem fengi árlegt framlag til ákveðinna verkefna eða b) Brúin samráðsvettvangur fari á föst framlög á fjárhagsáætlun. Eins og staðan er í dag er ekkert fjármagn áætlað í forvarnarverkefni á vegum kaupstaðarins.

Framlagið gæti verið 1.500.000 /2.000.000.-

Sjóðurinn/Brúin gæti annars vegar gert samning við Rannsókn og greiningu (R og G) og keypt niðurstöður eins og gert var á árunum 2012-2015 og hins vegar staðið fyrir fræðslu fyrir börn og foreldra. Efni fræðslunnar væri ákveðið í samræmi við niðurstöður úr umræddri könnun.

Rökstuðningur:


Með því að endurnýja samning við Rannsókn og greiningu um úrvinnslu rannsókna á högum og líðan ungs fólks í grunn- og framhaldsskólum Akraneskaupstaðar væri bærinn að fjárfesta í börnum og ungmennum bæjarins.

Öflugt forvarnarstarf þarf að byggja á marktækum mælingum. Eins og er, eru þetta einu mælingar sinnar tegunda á Íslandi og 85% af stærstu sveitafélögum landsins er með í þessum samning. Niðurstöður þessara rannsókna hafa gefið okkur vísbendingar um það hvar og hvenær þarf að grípa inn í og einnig hvað þörfin liggur.

Í niðurstöðum þessara kannana fáum við alls konar upplýsingar um hagi og líðan barna og ungmenna og hvar skóinn krepur, neyslunjur, þátttöku ofl. Á meðan við höfum ekki mælingar vitum við ekki á hverju við eigum að byggja okkar forvarnarstarf.

Brúin gæti þá einnig staðið fyrir öflugri fræðslu og námskeiðum hvort sem er fyrir foreldra eða börn þegar niðurstöður rannsókna gefa tilefni til þess.

F.h Brúarinnar



Heiðrún Janusardóttir,

verkefnisstjóri æskulýðs -og forvarnamála

Brúin verður þannig skipuð: Verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnamála, formaður, fulltrúi fjölskyldusviðs, tilnefndur af sviðsstjóra fulltrúi lögreglunnar, tilnefndur af sýslumanni, fulltrúi Brekkubæjarskóla, tilnefndur af skólustjóra, fulltrúi Grundaskóla, tilnefndur af skólustjóra, fulltrúi Arnardals og Hvíta hússins tilnefndur af verkefnisstjóra. Einnig sitja í hópnum í hópnum fulltrúi FVA og fulltrúar skólaheilsugæslu.